

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera ársreikning fyrir sjóðinn hvert almanaksár. Ársreikningur, endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, skal fullgerður og undirritaður af stjórn sjóðsins fyrir lok næsta almanaksárs.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsyn eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting öðlast þó gildi nema sjóðstjórn sé einhuga um hana.

## 9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki Errós, eða erfingja hans að honum látnum og einróma samþykki sjóðstjórnar. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Listasafns Reykjavíkur – Errósafns.

## 10. gr.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. maí 1998.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu M. Pálsdóttur nr. 358 5. júlí 1989.

Formaður stjórnar Minningarsjóðs Helgu M. Pálsdóttur hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskránni.

## 1. gr.

4. gr. orðast svo: Stjórn sjóðsins skipa þrír menn sem stjórn Kvenfélagasambands Íslands velur. Stjórnin skiptir með sér verkum og ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins.

## 2. gr.

5. gr. fellur niður.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. júní 1998.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*